

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 2004

22. júlí 2004

473

Nr. 103

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 130. löggjafarþings, frá 22. júlí 2004 til septemberloka.

Gjört á Bessastöðum, 22. júlí 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.“

Alþingi samþykkti hinn 22. júlí 2004 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 130. löggjafarþings, frestað hinn 22. júlí 2004.

Forsætisráðuneytinu, 22. júlí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Ólafur Davíðsson.